

SVANAÞATNIÐ

24. nóvember 2019 í Hofi

Hátíðarballettinn frá St. Pétursborg ásamt
Sinfóníuhljómsveit Norðurlands



SVANAVATNIÐ

BALLETT Í TVEIMUR ÞÁTTUM

Svanavatnið er einhver vinsælasti ballett allra tíma og telst til helstu verka klassíska ballett-heimsins. Stórkostleg tónlist Tchaikovskys á mikinn þátt í því að ballettinn hefur haldið vinsældum sínum frá upphafi. Svanavatnið sam-einar töfrandi tónlist Tchaikovsky, áhrifamikla ástarsögu og líkamstjáningu sem kallar fram það stórbrotna sem dansararnir hafa fram að færa.

Danshöfundur í fyrstu uppfærslunni var Julius Reisinger. Bolshoi-ballettinn frumsýndi Svanavatnið 4. mars 1877 í Bolshoi-leikhúsinu í Moskvu. Þó ballettinn hafi gegnum tíðina verið settur upp í mörgum ólíkum útfærslum byggja flestir ballettdansflokkar bæði dans og tónlist sína á uppsetningunni frá 1895 eftir þá Marius Petipa og Lev Ivanov, sem frumsýnd var af Konunglega ballettinum þann 15. janúar 1895 í Mariinsky-leikhúsinu í St. Pétursborg.

Tímalengd: Tveir þættir (60 mínútur og 50 mínútur), 20 mínútna hlé

TÓNLIST | Pyotr Tchaikovsky

DANSHÖFUNDAR | Marius Petipa og Lev Ivanov

TEXTI | Vladimir Begitchev og Vasiliy Geltzer

SVIÐSMYND OG BÚNINGAR | Vyacheslav Okunev

LÝSING | Rainer Kornhuber

ÁVARP

ARNGRÍMUR JÓHANNSSON

Þegar fléttað er saman stórkostlegri tónlist rússneska meistarans Pyotr Ilyich Tchaikovskys og mannslíkamanum, sem óviðjafnanlegu verkfæri listrænnar tjáningar, verður til galdur, sem ekki er auðvelt að útskýra. Töfrar, sem varla láta nokkurn mann ósnortinn.

Klassískurballett er að mínu mati eitt allra fallegasta listform sem til er. Ég naut Svanavatnsins fyrst í Bolshoi leikhúsinu í Moskvu 1977 og hreifst mjög af; varð bergnuminn af þeirri undursamlegu list sem borin var á borð í því sögufræga menningarmusteri. Ég sá verkið á ný nokkru síðar í Sankti Pétursborg og þriðja sinni í Sydney 2008. Upplifunin var í öll skiptin söm. Ógleymanleg.

Hnetubrjóturinn, eftir sama tónskáld, sem Hátíðarballettinn frá Pétursborg sýndi í Hofi fyrir nokkrum misserum, við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, er einnig í miklu uppáhaldi.

Akureyri er mikill og fallegur menningarbær; list tóna, mynda og leiks er hér í hávegum höfð, en þegar boðið er upp á slíka veislu sem nú er framundan verður það að teljast rúsínan í menningarlegum pylsuenda. Þess vegna fagna ég því mjög, að hinir miklu, rússnesku listamenn og okkar eigin hljómsveit, sem Íslendingar mega og eiga að vera stoltir af, sameina krafta sína á ný. Rík ástæða er til þess að gleðjast og hlakka til.

Þessi vinsæli klassíski ballett segir söguna af prinsessunni Odette, sem illur galdramaður breytti í svan. Þegar Siegfried prins er á veiðum sér hann fallegan svan. Hann gerir sig tilbúinn til að skjóta svaninn en þá breytist svanurinn í hina fögru Odette. Hún segir prinsinum að hún sé prinsessa sem illur galdramaður hnepti í álög. Að degi til er hún í svansmynd og syndir á vatni sem myndast hefur úr tárum hennar. Að næturlagi er hún í mannsmynd. Eina leiðin til að létta álögunum af henni er að prins heiti henni eilífri ást og tryggð. Hún segir Siegfried prinsi að neiti hann henni verði hún svanur það sem eftir er ævinnar. Prinsinn verður ástfanginn af Odette, en illi galdramaðurinn leggur á hann álög þannig að hann biður í ógáti um hönd annarrar konu. Odette hótar að drepa sig og kastar sér í vatnið. Fullur sorgar stekkur prinsinn á eftir henni. Elskendurnir sameinast að lokum eftir dauðann.

FYRSTI ÞÁTTUR | GARÐURINN VIÐ KASTALA SIEGFRIED PRINS

Siegfried prins er orðinn myndugur og komið að tímamótum í lífi hans þar sem hann þarf að segja skilið við áhyggjuleysi æskuáranna og takast á við verkefni fullorðinsáranna. Þetta er mikill gleðidagur fyrir prinsinn en þó er hann ekki laus við eilítinn kvíða. Þeir fyrstu til að óska prinsinum til hamingju eru hjartahlýja hirðfíflíð og kennari prinsins, en þeir hafa báðir fylgt honum frá barnæsku. Hann heilsar félögum sínum hlýlega og tekur á móti hamingjuóskum allra íbúa kastalans með gleði í hjarta.

ANNAR ÞÁTTUR | VIÐ VATNIÐ

Ferðin að vatninu leiðir prinsinn langt inn í skóginn. Hann nálgast svana-hópinn hljóðlega og þegar hann kemur nálægt honum tekur prinsinn eftir afar undarlegri breytingu. Svanirnir hafa fært sig upp á vatnsbakkann og tekið á sig mannsmynd! Siegfried lækkar lásbogann sem hann hafði mundað, hugfanginn af þeirri fegurð sem hann sér. Hann safnar hugrekki og stígur fram. Drottning svananna, Odette, segir honum frá hinni hræði-

þagnar prinsins koma víðs vegar að til að taka þátt í hátíðahöldunum. Þeir færa honum sverð og veldis-sprota til merkis um vald hans og sverja þess eið að fylgja honum sem leiðtoga. Drottningin móðir hans færir honum lásboga að gjöf, minnir hann á að nú þurfi hann að velja sér eiginkonu, og að það verði að gerast á dansleiknum sem haldinn verður kvöldið eftir. Prinsinn vill gjarnan fá tækifæri til að ihuga þessar breytingar á lífi sínu í friði. Hátíðahöldin halda áfram en prinsinn finnur knýjandi þörf til að vera í einrúmi og fjarri gestum sínum um stund. Hann lítur djúpt í hjarta sér, en um leið tekur hann eftir hópi hvítra svana sem flýgur í átt að nálægu vatni. Svanirnir veita honum innblástur, hann eltir þá og hverfur inn í næturmyrkrið.

legu bölvun sem hvílir á þeim. Hinn illi galdramaður Rotbart hefur hneppt þær allar í álög, og álögunum verður einungis aflétt finni þær sanna ást. Siegfried verður samstundis ástfanginn af Odette og sver henni eilífa ást. Rétt fyrir sólarupprás varar Odette hann við því að svíkja þennan eið, því ef hann gerir það getur enginn mannlegur máttur hjálpað þeim. Prinsinn er heillaður af óviðjafnanlegri fegurð Odette og lofar henni að snúa aftur og frelsa hana undan þessum illu álögum. Við sólarupprás breytast konurnar í svani á ný og þögnin umlykur þær.



HLÉ

ÞRIÐJI ÞÁTTUR | HÁTÍÐARSALURINN Í KASTALA SIEGFRIED PRINS

Mikil hátíðahöld standa yfir í kastalanum. Prinsessur frá Ungverjalandi, Rússlandi, Spáni, Ítalíu og Póllandi eru kynntar fyrir prinsinum. Til að styrkja og festa vald sitt í sessi verður prinsinn að velja eina þeirra fyrir eiginkonu. Í huga hans stenst þó engin þeirra samanburð við Odette, sem hann hefur gefið hjarta sitt. Hann hafnar þeim öllum.

Nokkrir nýir gestir eru kynntir undir dynjandi lúðrapyt. Hinn illi galldramaður Rotbart kemur inn dulbúinn sem göfugur riddari, og með honum Odylle dóttir hans, sem er mjög lík Odette í útliti. Þær eru svo líkar að Siegfried trúir eitt augnablik að

það sé í raun og veru Odette sem stendur fyrir framan hann. Odylle gripur tækifærið og dregur hann á talar. Hún tælir hann og dáleiðir með fegurð sinni og blekkir hann til að játa henni eilífa ást! Prinsinn er sem í álögum og lýsir því yfir að hann velji Odylle sem eiginkonu sína. Rotbart hefur sigrað! Siegfried hefur rofið eiðinn sem hann sór Odette og svikið hana með því að játa ást á annarri konu. Þannig hefur hann dæmt Odette og hinar konurnar til að vera undir álögum Rotbarts um alla eilífð. Skyndilega kemur mynd af Svanavatninu upp í huga prinsins og álögum er lyft. Hann áttar sig á að hann hefur gert skelfileg mistök. Í örvæntingu yfirgefur hann höllina og flýtir sér að vatninu til Odette.

FJÓRÐI ÞÁTTUR | VIÐ VATNIÐ

Náttmyrkrið hefur læðst yfir vatnið á ný. Svanastúlkurnar eru órólegar því þær vita að ef prinsinn svikur loforð sitt um að leysa þær úr álögum eru þær dæmdar til að vera svanir að eilífu. Galldramaðurinn magnar upp mikinn storm sem hylur Svanavatnið dökkri skýjahulu. Þrátt fyrir það berst prinsinn gegnum storminn til að komast til Odette. Galldramaðurinn reynir að fela Odette fyrir honum en engin öfl geta stöðvað unga ástfangna prinsinn.

Prinsinn sigrast á öllum hindrunum og álögin sem galldramaðurinn illi lagði á hverfa að eilífu á kletti hinnar sönnu ástar.





PYOTR ILYICH TCHAIKOVSKY (1840–1893)

Tchaikovsky var rússneskt tónskáld sem skildi eftir sig mikinn fjölda tónverka, þar á meðal símfóniur, konserta, óperur, balletta og kammertónlist. Sum verkin eru meðal vinsælustu tónverka sem skrifuð hafa verið.

Tchaikovsky var fyrsta tónskáldið í sögu Rússa sem náði alþjóðlegum vinsældum og viðurkenningu. Það veitti honum tækifæri til þess að taka að sér hljómsveitarstjórn í Evrópu og Bandaríkjunum á

siðari hluta ferilsins. Hann hélt t.d. um sprotann við vígslu Carnegie Hall í New York árið 1891. Árið 1884 fékk Tchaikovsky heiðurstign Alexanders III keisara og hlaut hann stuttu síðar heiðursverðlaun til lífstíðar. Þrátt fyrir mikla velgengni var líf hans erfið. Hann leyndi samkynhneigð sinni í áratugi, sem án efa hefur tekið á tónskáldið. Tchaikovsky lést skyndilega aðeins 53 ára að aldri, að öllum líkindum úr kóleru.



VICTOR MARIUS ALPHONSE PETIPA (1818–1910)

Petipa var franskur ballettdansari og -kennari og danshöfundur. Hann er af mörgum talinn áhrifamesti ballettkennari og danshöfundur síns tíma. Petipa starfaði til langs tíma, frá 1871 til 1903, við konunglegu leikhúsin í St. Pétursborg. Hann skildi eftir sig yfir fimmtíu balletta sem margir hverjir eru dansaðir enn í dag, í upp-runalegri eða endurskoðaðri mynd.

Meðal þeirra eru The Pharaoh's Daughter (1862), Don Quixote (1869), La Bayadère (1877), Le Talisman (1889), Þyrnirós (1890), Hnotubrjóturinn (1892), Le Réveil de Flore (1894) og La Halte d'Arlequin (1900). Petipa endurskoðaði auk þess fjölda verka annarra danshöfunda. Útfærslur Petipa hans verið langlífari og verk hans teljast mörg meðal hornsteina ballettsögunnar.



LEV IVANOV (1834-1901)

Lev Ivanov var rússneskur ballettdansari og aðstoðarmaður danshöfundarins Mariusar Petipa. Ivanov gekk til liðs við Pétursborgar-ballettinn eftir útskrift frá ballettskóla stofnunarinnar árið 1852. Hann sérhæfði sig í karakterhlutverkum og var gerður að aðaldansara árið 1869, regisseur, eða leikstjóra, árið 1882 og að aðstoðar-ballettmeistara árið 1885.

Hann setti tæplega tuttugu ný og gömul verk á svið fyrir ballett-

inn, en vakti litla athygli á meðan hann lifði, þar sem nafn Petipavar ávallt á undan nafni hans í leikskránni. Ivanov var þó að lokum viðurkenndur sem mikilvægur og nýstárlegur danshöfundur. Hann var einna fyrstur meðal samtímamanna sinna til að byggja dansa á uppbyggingu og hughrifum tónlistarinnar frekar en að leggja áherslu á sóló- og tvidansa sem er ætlað að sýna framúrskarandi tækni ballerínunnar. Ivanov var danshöfundur Hnotubrjótsins (1892), II. þáttar Öskubusku (1893) og II. og IV. þáttar Svanavatnsins (1895).



VADIM NIKITIN | HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Vadim Nikitin fæddist í Leningrad. Árið 1986 útskrifaðist hann frá Ríkislistaskóla Leningrad, þar sem hann naut leiðsagnar prófessors. A. Kantorov. Hann starfaði í Noregi eftir útskrift og síðar við Ríkiskapellu St. Pétursborgar. Frá 1995 til 2000 var hann hjá Mariinsky-leikhúsinu og frá 2000 til 2015 var hann tónlistarstjóri St. Pétursborgarballetts Konstantíns Tachkins.

Nikitin vann í nánu samstarfi við JFO (Jóhannesarborg), KFO (Höfðaborg), Sinfóníuhljómsveit Durban, Ríkissinfóníuna „Classica“ í St. Pétursborg og fleiri bæði í Rússlandi og víðar,

meðal annars í Taiwan, Japan, Ástralíu, Ungverjalandi, Frakklandi, Bretlandi, Sviss, Belgíu, Lúxemborg, Suður-Afríku og á Spáni.

Síðan 2015 hefur hann verið í samstarfi við fyrirtækin Franceconcert og Arame Production við uppsetningar í hinum ýmsu leikhúsum (Bolshoiballett Hvíta-Rússlands og óperu- og balletthúsum Chelybinsk, Lviv og fleirum). Á ferilskránni er tónlist fyrir bæði ballett og sífóníuhljómsveitir.



SERGEY SMIRNOV | LISTRÆNN STJÓRNANDI

Sergey Smirnov útskrifaðist frá Vaganova-ballettskólanum í St. Pétursborg og eftir námið starfaði hann sem ballettmeistari. Hann hefur verið sólódansari í Mikhailovsky-leikhúsinu í St. Pétursborg, klassíska ballettflokknum í St. Pétursborg, konunglega rússneska ballettflokknum í Moskvu og þjóðarball-ettflokknum í Moskvu.

Smirnov er danshöfundur ballettanna „Rachmaninoff fyrir leikhúsið Yo Strogrem Kompany í Osló, „Seven Deadly Sins“ fyrir hátíðina Flying in Time í St. Pétursborg og „Idol 3D“ fyrir Yakobson-balletthúsið í St. Pétursborg. Þá vann Smirnov til verðlauna í alþjóðlegu ballettkeppninni Alternativa í St. Pétursborg.

HÁTÍÐARBALLETTINN Í ST. PÉTURSBORG

Sankti Pétursborg er heimaborg hins fræga rússneska hátíðarballetts sem Marius Petipa setti á laggirnar á 19. öld.

Hátíðarballettinn í St. Pétursborg var stofnaður árið 2009 í þeim tilgangi að halda hefðum ballettlistar borgarinnar á lofti og kynna anda ballettsins með ferðum um Evrópu og heim allan.

Glæsileiki, þokki og fágaður léttleiki eru einkenni Pétursborgarballettsins. Margir listamannanna í þessum glæsilega hóp námu við Vaganova-skólann í St. Pétursborg, þar sem unnið er með alla þætti klassíks balletts.

Búningar og sviðsmynd hátíðarballettsins eru í klassískum anda hins rússneska menningararfs, sem ljær sýningunum glæsibrag fortíðarinnar um leið og þær hafa yfir sér nútímalegt yfirbragð.



Þá endurspeglar ballettinn anda og þokka þessarar sögufrægu borgar með einstakri sviðs- og búningahönnun hins heimsfræga Vyacheslav Okunev (Bolshoi-leikhúsið, Mariinsky-leikhúsið, La Scala).

Undanfarinn áratug hefur hátíðarballettinn í St. Pétursborg ferðast víðs vegar um Evrópu og sýnt í löndum á borð við Þýskaland, Austurríki, Ítalíu, Spán, Finnland, Svíþjóð, Noreg, Pólland, Ísland, Tékkland, Ungverjaland, Króatíu og Slóvakíu.

Hátíðarballettinn í St. Pétursborg býður ballettunnendum um allan heim upp á framúrskarandi sóló- og hópdansara með dýrðlegri tónlist Tchaikovsky, frábærum búningum og óviðjafnanlegri sviðsmynd og lýsingu.

DANSARAR

ODETTE/ ODYLLE | Elizaveta Bogutskaya , Irina Khandazhevskaya

SIEGFRIED PRINS | Alexandr Abaturov, Nikita Moskalets

ROTBART | Dmitry Polukhin, Anton Bashmakov

HIRÐFÍFLIÐ | Alexey Bogutskiy, Sergey Dubrovin

PAS DE TROIS | Alina Sogrina, Valeria Kuts, Ai Yanokawa, Yana Cherkashina,
Dmitry Polukhin, Anton Bashmakov



AÐALDANSARAR

ELIZAVETA BOGUTSKAYA

Elizaveta Bogutskaya lærði í ballettskólanum í Moskvu og lauk námi frá dansskóla N. Nesterova árið 2007. Eftir útskrift var hún ráðin við hið sögufræga Bolshoi-leikhús í Moskvu. Árið 2012 var Elizavetu boðin ráðning við þjóðar-ballettflokkinn í Moskvu, undir stjórn Evgeny Amosov. Frá árinu 2018 hefur hún verið sólóðansari við hátíðar-ballettinn í St. Pétursborg og hefur unnið til alþjóðlegra ballettverðlauna. Hún hefur tekið þátt í sýningarferðum til Bandaríkjanna, Þýskalands, Ítalíu, Frakklands, Spánar, Japan, Kanada, Mexíkó, Kína, Nýja-Sjálands, Ástralíu og fleiri landa.

IRINA KJIANDAZHEVSKAYA

Irina Kjiandazhevskaya er heiðurs-listamaður Úkraínu og lauk námi árið 2001 frá Kharkov-dansskólanum (hjá S. Kolyvanova og T. Popesku). Hún hefur verið gestasólóðansari hjá ýmsum af virtustu klassísku dansflokkum Rússlands og Úkraínu frá árinu 2007 og gestasólóðansari hjá hátíðarball-ettinum í St. Pétursborg frá árinu 2019. Frá árinu 2003 var hún aðaldansari hjá Kharkiv-óperu- og balletthúsinu N.V. Lysenko, þar sem hún er nú í hlutverki sviðsmeistara. Hún hefur tekið þátt í sýningarferðum til Bandaríkjanna, Þýskalands, Ítalíu, Frakklands, Spánar, Japan, Kanada, Mexíkó, Kína, Nýja-Sjálands, Ástralíu og fleiri landa.

ALEKSANDR ABATUROV

Aleksandr Abaturov lauk námi frá Perm State-dansskólanum og hefur unnið til alþjóðlegra ballettverðlauna. Kom fram hjá balletthúsi Konstantin Tachkin í St. Pétursborg á árunum 2008 til 2010. Sólóðansari hjá balletthúsi Leonid Yacobson í St. Pétursborg árin 2002 til 2008 og 2011 til 2015. Frá árinu 2016 hefur hann verið sólóðansari við hátíðarball-ettinn í St. Pétursborg. Hann hefur tekið þátt í sýningarferðum til Bretlands, Þýskalands, Ítalíu, Frakklands, Spánar, Japan, Kanada, Mexíkó, Kína og fleiri landa.

NIKITA MOSKALETS

Nikita Moskalets lauk námi frá Perm State-dansskólanum og hefur hlotið ýmis verðlaun í ballettkeppnum. Hann var sólóðansari hjá dansflokkki Ural-óperunnar í Ekaterinburg árin 2007 til 2014 og sólóðansari hjá balletthúsinu Stanislavski og Nemirovich-Danchenko í Moskvu árin 2014 til 2017. Hann hefur verið aðaldansari hjá hátíðarball-ettinum í St. Pétursborg frá árinu 2018. Hann hefur tekið þátt í sýningarferðum til Japan, Frakklands, Spánar, Ítalíu, Þýskalands, Sviss, Grikklands, Kína, Hong Kong, Kanada, Mexíkó og fleiri landa.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefna-
miðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vax-
ið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags
Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri
tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upp-
tökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri
íslenskri símfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands
brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið
milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr
öðrum geirum tónlistarlífsins.

Frábær árangur hljómsveitarinnar ber vitnisburð um að starf-
semi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyr-
endum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar,
frumsköpunar og atvinnutækifæra.

Koma rússneska ballettsins til Akureyrar er gerð möguleg
með menningarbrú Hofa og Hörpu. Markmið hennar er að
auka tækifæri listamanna til að sýna list sína fyrir sunnan og
norðan og fjölga viðburðum á vegum menningarhúsanna.

HLJÓMSVEITARSKIPAN

1. FIDLA

Greta Salóme Stefánsdóttir
Olga Ólafsdóttir
Zbigniew Dubik
Andres Kleina
Agnes Gunnarsdóttir
Sigríður Baldvinsdóttir
Zsuzsanna Bitay
Jaan Alavere

2. FIDLA

Helga Þóra Björgvinsdóttir
Guðbjartur Hákonarson
Marcin Lazars
Tomasz Kolosowski
Hlín Erlendsdóttir
Marika Alavere

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Vigdís Másdóttir
Sigrún Mary McCormick

SELLÓ

Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
Ásdís Arnardóttir
Helga Ágústsdóttir
Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir
Helga María Guðmundsdóttir

BASSI

Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson

HORN

Ella Vala Ármannsdóttir
Kjartan Ólafsson
Helgi Svavarsson
Erna Ómarsdóttir

FLAUTA

Katrin Heymann
Petrea Óskarsdóttir

ÓBÓ

Össur Ingi Jónsson
Gillian Haworth

FAGGOTT

Dagbjört Ingólfssdóttir
Arna Marín Thorarensen

KLARINETT

Ármann Helgason
Helga B. Arnardóttir

BÁSÚNA

Carlos Caro Aguilera
David Bobroff
Einar Jónsson

TROMPET

Vilhjálmur Ingi Sigurðarson
Sóley Björk Einarsdóttir

TÚBA

Jamal Boukhrouch

PÁKUR OG SLAGVERK

Emil Þorri Emilsson
Einar Scheving
Hjörleifur Örn Jónsson

HARPA

Sophie Schoonjans



SÝNINGARSTJÓRN

FRAMLEIÐANDI | Irena Veres

FRAMLEIÐSLUSTJÓRN | Max Pankow

TÆKNISTJÓRN | Uldis Vanags

UMSJÓN MEÐ UPPSETNINGU | Elena Golovina

SVIÐSSTJÓRN | Mikhail Skvortcov

SVIÐS- OG TÆKNIMENN | Vladislav Vovk, Justs Markusevski, Martin Kreilis

UMSJÓN MEÐ BÚNINGUM | Dace Antrope

AÐSTOÐ | Lesya Buriy



ICELANDIC BUS COMPANY
SBA-NORDURLEIÐ
www.sba.is

VORIÐ VAKNAR

**Framsýning
31. janúar**

STEVEN SLATER | DUNCAN SHEIK

